

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá Vigdísí Hauksdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
1. Við 09-101 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa			
a. 1.01 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa	997,1	-33,6	963,5
b. <i>Greitt úr ríkissjóði</i>	988,0	-33,6	954,4
2. Við bætist nýr fjárlagaliður: 09-977 Bankasýsla ríkisins			
a. 1.01 Bankasýsla ríkisins	0,0	33,6	33,6
b. <i>Greitt úr ríkissjóði</i>	0,0	33,6	33,6

Greinargerð.

Gerð er tillaga um að 33,6 millj. kr. verði millifærðar frá aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins á liðinn 09-977 Bankasýsla ríkisins. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að Bankasýsla ríkisins yrði lögð niður um áramótin en nú er ljóst að hún starfar fram á næsta ár. Í frumvarpinu voru fjárheimildir aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkaðar um 47 millj. kr. vegna verkefna Bankasýslunnar en nú er lagt til að 33,6 millj. kr. verði millifærðar yfir á lið hennar. Fjármála- og efnahagsráðherra hyggst leggja fram frumvarp á vorþingi um meðferð og sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og er því ætlað að leysa af hólmi lög nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins, og lög nr. 155/2012, um sölumæðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Fjárveitingunni er ætlað að mæta rekstrarkostnaði Bankasýslunnar í sex mánuði á næsta ári en endanlegt uppgjör í kjölfar niðurlagningar stofnunarinnar liggur ekki fyrir enn sem komið er og bíður því frumvarps til fjárlagalaga á næsta ári. Niðurlagningin var ein af tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar og gert er ráð fyrir að til lengri tíma litið náist að minnka rekstrarkostnað ríkisins með þessari aðgerð.